

Byggðaráð Dalvíkurbyggðar - 913 (25.7.2019) - Starfs- og fjárhagsáætlun 2020 og þriggja ára áætlun 2021-2023; umræður/ tillögur um forsendur vegna gjaldskráa

Málsnúmer : 201905027
Málsaðili : Fjármála- og stjórnsýslusvið
Niðurstaða (stutt) : Lagt fram til kynningar
Fundardagur : 25.07.2019

Inngangur : Á 912. fundi byggðaráðs þann 11. júlí s.l. var eftirfarandi bókað:
"a) Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga; Forsendur fyrir vinnslu fjárheimilda 2020. Með fundarboði byggðaráðs fylgdi minnisblað Sambands íslenskra sveitarfélaga, dagsett þann 1. júlí 2019, er varðar forsendur fyrir vinnslu fjárhagsáætlunar. b) Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga; Samþykkt stjórnar Sambandsins vegna álagsþrósenta fasteignaskatts. Með fundarboði byggðaráðs fylgdi samþykkt stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá fundi þann 21. júní 2019 þar sem minnt er á yfirlýsingu Sambandsins í tengslum við gerð lífskjárasamninga í apríl þar sem sveitarfélögin eru hvött til að hækka ekki gjaldskrár sínar um meira en 2,5% árið 2020, en minna ef verðbólgan verði lægri. c) Annað skv. tímaramma a) Lagt fram til kynningar b) Lagt fram til kynningar c) Lagt fram til kynningar. "

Á fundinum kynnti sveitarstjóri hugmyndir að álagningu fasteignagjalda, breytingar á gjaldskrá og álagningu útsvars fyrir árið 2019 vegna vinnu við forsendur fjárhagsáætlunar 2019.

Til umræðu ofangreint.

Niðurstaða : Lagt fram til kynningar.